

Nr. 22 -064 S 046 Birna BA 154**Vélarvana og rekur utan í kletta**

Skipaskr.nr. 2099
 Útgerð: Sæstjarnan ehf.
 Smíðaður: Mark 1990
 Stærð: 19.03 BT
 Mesta lengd: 13.15 m Skráð lengd: 12.78 m
 Breidd: 3.76 m Dýpt: 1,80 m
 Vél: IZUZU, 211 kW, 1990.
 Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
 Gögn RNSA
 LHG



Mynd Emil Páll


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. ágúst 2022 var Birna BA 154 á makrílveiðum út af Keflavík. Veður NNV 12 m/s.

Báturinn var á siglingu nálægt landi, á suðlægri stefnu, á fjögurra til fimm sjómílna ferð þegar bilun varð í gír. Bátinn tók að reka að klettum við Brennunípu. Skipstjórinn kastaði út akkeri en það hélt ekki og fór báturinn utan í kletta. Þegar hann var kominn fyrir klettana skar skipstjórinn á akkerisfestinguna og lét bátinn reka frá. Þyrla Landhelgisgæslunnar var send í loftið og björgunarskip sent af stað. Svala Dís kom einnig til aðstoðar en gat ekki athafnað sig svo nálægt landi. Björgunarbátur Slysavarnafélagsins Landsbjargar kom taug í Birnu og dró hana frá strandstað en Svala Dís dró Birnu til hafnar til hafnar. (Myndir 1 og 2: Strandstaður Birnu)



Mynd 1




Mynd 2

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Við skoðun kom í ljós að gírolían var hvít sem stafar af blöndun olíu og vatns (sjá mynd 3).
- Eigandi bátsins fullyrti að skipt hefði verið um olíu á gírnum um vorið.

Nefndarálit:

Ástæða atviksins var bilun í gír.



Mynd 3